

Aðalfundur Hrossaræktisfélags Sprettis 23. nóvember 2019

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Sprettis fór fram í fundarherbergi í reiðhöll Sprettis laugardaginn 23. nóvember 2019. Fyrir fundinum lá svofelld dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Stjórnarkjör skv. 6. gr. laga félagsins.
4. Ákvörðun árgjalds.
5. Kynntur árangur félagsmanna í kynbótasýningum ársins og tilhögun verðlaunaveitinga á árshátíð Sprettis.
6. Önnur mál.

Hannes Hjartarson formaður félagsins setti fund og skipaði Kristin Hugason sem fundarritara.

Skýrsla stjórnar lá frammi og einnig reikningarnir endurskoðaðir af félagskjörnum endurskoðendum Hilmari Sæmundssyni og Hjalta Halldórssyni. Formaður rakti hvoru tveggja, engar athugasemdir komu fram við skýrslu stjórnar né reikningana sem samþykktir voru samhljóða. Félagið stendur vel og var eigið fé þess kr. 568.887,- í upphafi reikningsárs.

Sveinn Gaukur Jónsson og Hermann Arason voru endurkjörnir í stjórn sem aðal- og varamaður.

Samþykkt var óbreytt árgjald, kr. 2.000,-.

Athugasemdir komu fram frá Gunnari Má Þórðarsyni varðandi tvö atriði er lutu að lista um árangur (5. liður), bæði atriðin voru tekin til greina en hvorugt þeirra skiptir þó máli upp á eiginlega verðlaunun sem fara mun fram á árshátíð Sprettis. Samþykkt að við vinnslu listans næst mun leitað til Gunnars og jafnframt að formaður kanni möguleika að RML geti látið téðar upplýsingar í té en ný tilhögun skráingar eignarhalds hrossa í WF gerir vinnu þessa mjög erfiða (persónuverndarlög).

Kristinn Hugason fundarritari (sign.)

Önnur mál.

1. Samþykkt var að á næsta ári verði veitt verðlaun fyrir efstu hross í 4 flokkum á aðalfundi félagsins og útbúið verði myndband. Það sýndi sig á síðustu árshátíð að einungis lítill hluti gesta virtist sýna þessu áhuga og þessar verðlaunaveitingar drifnar í gegn með miklum hraða. Veiting verðlauna fyrir ræktunarbú og ræktunarmann ársins fari hins vegar fram á árshátíð.
2. Reglugerð H.S um árlega veitingu ræktunarverðlauna liður III –Ræktunarbú ársins verði breytt þannig: ---skilyrði fyrir að komast í pottinn eru tvö eða fleiri sýnd hross en ekki fjögur eins og hjá RML, **þar af 2 í 1. verðlaun, undanskilin eru 4 v. hross. (í stað: þar af eitt í 1.verðlaun en ekki tvö).**

3. Samþykkt var tillaga stjórnar um starfsemi næsta árs.
 - a) Ræktunardagur 8.febr með forskoðun kynbótahrossa hjá Kristni Hugasyni, hádegisfyrirlestur hjá Þorvaldi Kristjánssyn, breytingar á dómum o.fl. svo fremi hann geti mætt. Hannes kom með tillögu að H.S. kosti skemmtiatriði á þorrablóti um kvöldið.
 - b) Síðasta vetrardag 22.apríl (tölt, brokk, stökk) félagsmanna í H.S. í samskipahöllinni. Keppnin er unghrossakeppni hrossa í eigu félagsmanna og riðið af eiganda. Boðið verður uppá kjötsúpu og bjór fyrir keppendur.
 - c) Stefnt era ð rútuferð á sýninguna Ræktun í Ölfushöll í apríl.

Ekki annað tekið fyrir og fundi slitið.

Hannes Hjartarson fundarritari f. önnur mál.